



Fundur hjá foreldraráðinu

Aukaaðalfundur Foreldraráðsins fór fram 3. nóvember síðastliðinn. Skólameistari flutti ávarp, síðan voru starfsreglur Foreldraráðsins samþykktar með fáum breytingum.

Að aukaaðalfundinum loknum var Héðinn Svarfdal Björnsson frá Landlæknisembættinu með fyrirlestur um heilsueflandi framhaldsskóla.

Umgengni nemenda

Umgengni nemenda er stöðugt áhyggjuefni. Skólaliðar og stjórnendur eyða talsverðum tíma í ræða við nemendur um umgengni og reyna að fá þá til að ganga betur um.

Á hverri önn þarf að kaupa leirtau og hnífapör fyrir tugi þúsunda. Er nú svo komið að skólafirvöld velta fyrir sér að koma á skilgjaldi á allan borðbúnað.

Þetta er ekki ný umræða. Á síðustu önn lokuðum við mötuneytinu í tvo daga vegna umgengni nemenda og skánaði umgengni þá í svoltinn tíma. Við erum orðin þreytt á að vera alltaf að skammast og biðjum foreldra að taka þátt í umræðunni og leggja að unga fólkinu að ganga betur um.

Öflugt félagslíf

Félagslíf nemenda hefur verið öflugt á önninni. Haldnir hafa verið tveir dansleikir og fjöldi annarra uppákoma.

Til viðbótar má nefna að NFFG hefur m.a. staðið fyrir busavígslu, Þórmerkurferð, fótboltamóti, borðtennismóti, stelpukvöldi, LANi og svo mætti áfram telja. Þá er einnig rétt að geta þess að skipulag þessara atburða hefur verið gott.

Til að forráðamenn geti fylgst með því sem er á döfinni hjá nemendafélaginu þá bendum við á heimasíðu skólans en þar eru [taldar upp skemmtanir á vegum NFFG](#).

Heilsueflandi framhaldsskóli

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er nú þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Á fyrsta ári er sérstaklega horft til næringar. Verkefninu verður formlega hleypt af stokkunum í byrjun næstu annar en samt eru nokkur atriði þegar komin til framkvæmda.

- Stofnaður var sérstakur stýrihópur með fulltrúum starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Í upphafi haustannar var ákveðið selja ekki lengur sælgæti og gos í mötuneytinu. Neysla á því er ekki bönnuð en þetta er ekki selt í skólanum.
- Áfram er boðið upp á hafragraut á hverjum morgni gegn vægu gjaldi.
- Búið er að kaupa Boostvél fyrir mötuneytið.
- Búið er að panta vatnsvél þannig að nemendur geti alltaf gengið að kældu vatni.
- Byrjað er á að byggja hjólaskýli við skólann. Viljum við með því hvetja nemendur og starfsmenn til að koma á hjóli í skólann.
- Stöðugar samræður eru við mötuneyti nemenda um hvernig auka megi framboð á hollum mat.

Markmið með verkefninu er: „... **að stuðla markvisst að velferð og góðri heilsu framhaldsskólanemenda. Enda hafa rannsóknir sýnt að heilsueflandi umhverfi bætir líðan nemenda og stuðlar að betri násmárangri.**“

